

Námsþættir	Hæfniviðmið	Námsmat
<p>Ólíkar fjölskyldugerðir, fjölskyldutengsl, siðir og venjur, Barnasáttmálinn</p> <p>Vinsamleg samskipti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- bekkjareglur</li> <li>- bekkjarsáttmáli</li> <li>- gildi Húsaskóla</li> <li>- að tilheyra hópi</li> <li>- mitt, þitt hlutverk</li> <li>- þarfir mínar</li> <li>- samskiptavandi</li> <li>- einelti og viðbrögð</li> <li>- skólareglur</li> </ul> <p>Tilfinningalæsi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gleði</li> <li>- reiði</li> <li>- sorg</li> <li>- ótti</li> </ul> <p>Kynfræðsla</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- einkastaðirnir mínir</li> <li>- að setja öðrum mörk</li> </ul> <p>Trúarbrögð:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- ólík trúarbrögð</li> <li>- kristnar hátíðir s.s. jól og páskar</li> <li>- hindú og gyðingdómur</li> </ul>	<p>Félagsheimur: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</p> <p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,</li> <li>• Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum</li> <li>• Getur hlustað á og greint ólíkar skoðanir</li> <li>• Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum</li> <li>• Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra</li> <li>• Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna</li> <li>• Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur</li> <li>• Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi</li> </ul> <p>Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</p> <p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum</li> <li>• Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig</li> <li>• Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur</li> <li>• Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann</li> <li>• Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði</li> <li>• Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans</li> <li>• Sett sig í spor annarra jafnaldra</li> <li>• Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna</li> </ul> <p>Reynsluheimur: Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</p> <p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi</li> <li>• Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni</li> <li>• Áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum</li> <li>• Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, í nærsamfélaginu</li> <li>• Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa</li> </ul> <p>Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna</p>	<p>Leiðsagnarmat</p> <p>Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.</p> <p>Símat byggt á lykilhæfni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- virkni</li> <li>- vinnubrögð</li> <li>- færni</li> <li>- skilningur</li> <li>- einbeiting</li> </ul> <p>Sjálfsmat og jafningjamat</p> <p>Hæfnieinkunn gefin fyrir hvern þátt samkv. aðalnámsskrá</p>

Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni unnið skv. Byrjendalæsi.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Kennsla í samfélagsgreinum á að miða að því að nemendur geti leyst hlutverk sitt sem þátttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt.

Hæfnieinkunn	★ Framúrskarandi	✓ Hæfni náð	◇ Á góðri leið	☀ Þarfnast þjálfunar	✗ Hæfni ekki náð
--------------	------------------	-------------	----------------	----------------------	------------------